

Bæjarmálaráðgjafi

Okkar Hveragerði

okkarhveragerdi.is

stefnumál

2026

Blað bæjarmálaráðgjafans Okkar Hveragerði
2. tbl., 4. árg., maí 2026

Okkar Hveragerði er óháð bæjarmálaráðgjafi sem hefur eingöngu hagsmuni íbúa og sveitarfélagsins að leiðarljósi. Við erum raunveruleg grasrótarsamtök sprottin upp úr samfélaginu sjálfu og störfum fyrir það. Við trúum á valddreifingu og sjálfstæðar ákvarðanir í stjórnmálum þar sem raddir bæjarbúa skipta öllu máli. Á síðasta kjörtímabili lögðum við áherslu á fjölskyldur, bættu þjónustu og sterka og gagnsæja stjórnsýslu. Við erum að byggja upp sjálfbært samfélag þar sem þarfir íbúanna eru alltaf í forgrunni.



Okkar Hveragerði - blómstrandi gæðasamfélag



FJÖLSKYLDA OG VELFERÐ // LÝÐHEILSA, LISTIR OG MENNING // FARSÆL EFRI ÁR //
FAGLEG STJÓRNSÝSLA // NÝSKÖPUN OG FJÖLBREYTT ATVINNA // TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK

Hveragerði er okkur allt - Undir Heiðinni og Hamrinum er bærinn okkar kær
sem heitar gufur sveipa dýrðarljóma

ÖFLUG SAMVINNA Í GÆÐASAMFÉLAGI

Okkar Hveragerði leggur áherslu á jákvæð samskipti, uppbyggilegt samtal og samvinnu kjörinna fulltrúa, starfsfólks og íbúa. Þannig bætum við þjónustu, styrkjum starfsumhverfi og aukum lífsgæði bæjarbúa.

Við ætlum að halda áfram að byggja upp heilsueflandi og fjölskylduvænt samfélag þar sem lífsgæði, öryggi og velliðan íbúa eru í forgrunni á öllum æviskeiðum. Við setjum þarfir fólks í fyrsta sæti og leggjum áherslu á faglega þjónustu, snemmtækan stuðning og öflugt samstarf við íbúa. Markmiðið er samfélag þar sem allir hafa raunveruleg tækifæri til að blómstra.

Farsæld og samvinna

Á kjörtímabilinu var farsæld barna sett í forgang með stofnun skólaskrifstofu og mörkun sérstaks sviðs mennta, menningar og lýðheilsu.

Við viljum styrkja menntasamfélagið og tryggja að velferð barna sé leiðarljós í öllu skólastarfi með því að:

- Fylgja áfram eftir innleiðingu farsældarlaga með áherslu á snemmtækan stuðning og virka þátttöku barna og foreldra.
- Efla stoð- og stuðningsþjónustu grunnskólans með því að byggja á grunni nýlegrar úttekta í samstarfi við fagfólk og árangursrík skólaþróunarverkefni.
- Tryggja ríkari þátttöku foreldra og styðja við valdeflingu þeirra í uppeldi og skólastarfi með því að festa í sessi foreldrafærðslu og stuðning í leik- og grunnskólum, t.d. í gegnum verkefni *Föruneyti barna* og *Tengjumst í leik*.
- Klára uppbyggingu grunnskólans og hefja byggingu nýs leikskóla í Kambalandi.
- Þróa skólaumhverfi með skýrum gæðaviðmiðum og áherslu á fjölbreytt notagildi, náttúru og skapandi námsrými.

Farsæl efri ár

Í Hveragerði býr einstakur og öflugur hópur eldri borgara sem hefur sett mark sitt á stefnu bæjarins í málefnum eldri íbúa á kjörtímabilinu.

Við viljum halda áfram að eiga í góðu samstarfi við eldri íbúa og tryggja að Hveragerði sé eftirsóknarverður staður til að lifa góðu lífi á efri árum með því að:

- Fylgja eftir metnaðarfullri stefnu í málefnum eldri borgara m.a. í gegnum verkefnið *Gott að eldast*.
- Styðja við sjálfstæða búsetu með fjölbreyttri og aðgengilegri þjónustu og stuðningi á réttum tíma.
- Halda áfram að vinna að uppbyggingu þjónustukjarna fyrir eldri íbúa í samstarfi við Félag eldri borgara á grunni skýrslu starfshóps.
- Efla félagsstarf og aðstöðu eldra fólks, m.a. með stuðningi við fjölbreytt frístundastarf í Bungubrekku.
- Tryggja áfram virka þátttöku eldri íbúa í mótun þjónustu t.d. með árlegu íbúaþingi fyrir 60+ sem sett var á laggirnar að frumkvæði eldri borgara.



Skráðu þig
í Blómahlaupið á www.okkarhveragerdi.is

Heilsa, hreyfing og íþróttir

Á kjörtímabilinu reis fyrsta flokks heilsárs gervigrasvöllur og uppbygging nýs íþróttahúss hófst

Við viljum efla heilsu og vellíðan íbúa með því að skapa fjölbreytt og aðgengileg tækifæri til hreyfingar, íþróttar, útivistar og félagslegrar þátttöku með því að:

- Klára uppbyggingu nýs íþróttahúss.
- Móta heilðræna lýðheilsustefnu sem nær til líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu og byggir á Hveragerði sem heilsuefli samfélags.
- Styðja við öflugt og fjölbreytt íþróttar- og frístundastarf fyrir alla aldurshópa t.d. með því að setja upp klifurvegg í nýju íþróttahúsi.
- Hvetja til aukinnar daglegrar hreyfingar og samveru, m.a. með verkefnum eins og „Samferða í skólann“ sem hvetur íbúa til útiveru og samvistar.
- Styðja við uppbyggingu framtíðaraðstöðu undir Hamrinum fyrir Skátafélagið Strók.
- Styðja við uppbyggingu reiðhallar og umbætur á reiðstígum í samstarfi við Hestamannafélagið Ljúf.

Aðgengi og velferðarþjónusta fyrir alla íbúa

Á kjörtímabilinu fjölgaði félagslegum leiguíbúðum, verkefni um námsmannaíbúðir komið af stað og búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk fjölgað.

Við viljum byggja samfélag þar sem öll hafa jöfn tækifæri til þátttöku, búsetu og góðra lífsgæða með því að:

- Halda áfram vinnu við uppbyggingu 27 námsmannaíbúða í samvinnu við Byggingafélag námsmanna.
- Fjölga enn frekar félagslegu leiguhúsnaði og styðja samstarf við óhagnaðardrífna leigufélag.
- Tryggja umbætur í Sundlauginni Laugaskarði með áherslu á bætt aðgengis- og bílastæðamál.
- Bæta aðgengi í bænum með niðurtekningu gangstéttarkanta og öðrum úrbótum.
- Byggja upp betri þjónustu og fjölbreyttari búsetuúrræði fyrir fatlað fólk með áherslu á ólíkar þjónustubjarfir.
- Tryggja viðeigandi stuðning við fötluð ungmenni til sjálfstæðs lífs með aukinni upplýsingagjöf, hvatningu og leiðbeiningum.
- Bæta aðgengi að þjónustu og upplýsingum á vef fyrir alla íbúa t.d. á auðlesnu máli.

Við ætlum að byggja upp aðlaðandi, öruggt og sjálfbært bæjarumhverfi þar sem skipulag, samgöngur og græn svæði styðja við daglegt líf íbúa. Við nýtum sérstöðu Hveragerðis til að skapa lifandi bæ þar sem náttúra, hreyfing og góðir innviðir fara saman og gera bæinn að enn betri stað til að búa og starfa í.

Líflegur miðbær og græn ásýnd

Á kjörtímabilinu var lögð sérstök áhersla á að skapa grundvöll fyrir uppbyggingu miðbæjar í nýju aðalskipulagi sem tekur vel utan um alla bæjarbúa og býður upp á fjölbreytta starfsemi.

Við ætlum að halda áfram að byggja upp blómlegan bæ með því að:

- Skapa umgjörð í miðbæ Hveragerðis fyrir blómlega menningu og lifandi listsköpun.
- Raungera þá miklu möguleika sem Hveragarðurinn í miðju bæjarins hefur upp á að bjóða í tengslum við fræðslu, rannsóknir, nýsköpun og ferðapjónustu.
- Endurbyggja Egilsstaði við miðbæjartorg í samstarfi við uppbyggingaraðila með áherslu á rekstur sem styður við fjölbreytta þjónustu.
- Bæta ásýnd við aðkomu að bænum og á miðbæjarsvæði t.d. með því að efla gróðursetningu og halda á lofti ímynd og mildri birtu gróðurhúsa.
- Móta heildstæða stefnu um græn svæði og trjárækt meðal annars í samstarfi við skógræktarfélagið.

Leiksvæði og fjölskylduvænt umhverfi

Á kjörtímabilinu hefur verið lögð áhersla á að viðhalda og efla ævintýralega ásýnd bæjarins.

Við viljum halda áfram að skapa fjölbreytt svæði fyrir leik, íþróttir, útivist og heilsuefningu allra íbúa með því að:

- Byggja upp nýtt útivistar- og leiksvæði í Kambalandi.
- Efla og endurnýja leiksvæði um bæinn með áherslu á Leynilund á milli Dynskóga og Bláskóga, útsvæði Bungubrekku og uppbyggingu leiksvæðis við Heiðmörk 66 þar sem sérstök áhersla verður á aðgengismál.
- Fjölga körfuboltavöllum og setja upp hjólabraut (pump track).
- Koma upp viðbótar hoppubelg austan Breiðumerkur.
- Þróa skynjunar- og upplifunargarða sem styðja við andlega heilsu, náttúrulæsi og núvitund íbúa t.d. í Lystigarði og við Varmá.

1.



Lárus Jónsson

Íþrótafræðingur & MA í alþjóða-samskiptum.

2.



Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir

Lögmaður, tónlistarkona & bæjarfulltrúi.

3.



Jónas Guðnason

Eldfjallafræðingur & jarðfræðingur.

4.



Sandra Lind Brynjarsdóttir

Grunnskólakennari & deildarstjóri á stuðningsheimili.

5.



Dagur Ívar Sævarsson

Tónlistarmaður & nemi.

6.



Brynja Hrafnkelsdóttir

Skordýrafræðingur & teymisstjóri.

7.



Eypór Atli Olsen Finnsson

Hlaðvarpsáttastjórnandi & öryggisráðgjafi.

Samgöngur og öryggi

Á kjörtímabilinu var unnin samgöngu- og umferðaröryggisstefna þar sem sérstök áhersla var lögð á lækkun hámarkshraða í bænum.

Við viljum bæta umferðaröryggi og gera samgöngur skilvirkari og aðgengilegri fyrir alla með því að:

- Hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun í samræmi við nýja samgöngu- og umferðaröryggisstefnu.
- Klára stofnveginn Vesturmörk og tengingu hans við gamla þjóðveginn og bæta þannig aðkomu að Kambalandi sem léttir á umferðarþunga í íbúðahverfum.
- Auka merkingar og fylgja eftir lækkun hámarkshraða með varanlegum aðgerðum í skipulagi gatna.
- Tengja stígakerfi bæjarins betur, m.a. með gönguleið undir brú við austuraðkomu bæjarins.
- Auka og bæta viðhald á göngu- og hjóltreiddastígum innan og utan bæjarmarka.
- Koma á fót innanbæjarstrætó sem tengst gæti frístundum barna og eldri borgara og þar með aukið öryggi íbúa og dregið úr félagslegri einangrun.
- Fjölga ferðum strætó sem þjóna námsmönnum og fólki sem sækir atvinnu á Selfossi og höfuðborgarsvæðinu.

Skipulag og uppbygging

Á kjörtímabilinu var nýtt aðalskipulag samþykkt sem markaði framtíðarsýn fyrir öflugra byggðarþróun og atvinnuuppbyggingu.

Við viljum tryggja skýra, sjálfbæra og vandaða uppbyggingu bæjarins með því að:

- Knýja á um tilfærslu þjóðvegarins til að bæta skipulag og umferðarflæði.
- Tryggja áframhaldandi faglega uppbyggingu í fráveitumálum sem hófst á kjörtímabilinu þannig að Hveragerði verði í fremstu röð í umhverfismálum.
- Færa gámasvæðið og skapa aukið rými fyrir uppbyggingu í miðbæ í samræmi við skipulag.

Frambjóðendur Okkar Hveragerðis - XO 2026

8.	9.	10.	11.	12.	13.	14.
						
Embla Werner Guðleifsdóttir	Guðjón Óskar Kristjánsson	Halldóra Jóna Guðmundsdóttir	Hrafn Andrés Harðarsson	Anna Jórunn Stefánsdóttir	Njörður Sigurðsson	Sandra Sigurðardóttir
Stuðningsfulltrúi í Grunnskólanum í Hveragerði.	Deildarstjóri hjá ON.	Framreiðslusveinn.	Bókavörður & skáld.	Talmeinafræðingur & kennari.	Sagnfræðingur & bæjarfulltrúi.	Þingmaður & forseti bæjarstjórnar.

Við ætlum að efla atvinnulíf, nýsköpun og menningu í Hveragerði með því að byggja á sérstöðu bæjarins. Við nýtum kraft jarðhitans, skapandi greina og öflugs mannlífs til að skapa fjölbreytt atvinnutækifæri og lifandi samfélag. Markmiðið er að styrkja tekjustofna bæjarins og viðhalda þeim gæðum sem Hveragerði hefur upp á að bjóða.

Nýsköpun og atvinnulíf

Á kjörtímabilinu hófust framkvæmdir við stærsta atvinnuuppbyggingarverkefni í sögu bæjarins m.a. með byggingu baðlóns og hótels á Árhólmasvæðinu.

Við viljum halda áfram að styrkja menningar- og listalíf sem mikilvægan hluta af sjálfsmynd og aðdráttarafl bæjarins með því að:

- Nýta tækifæri jarðhitans til uppbyggingar atvinnu- og verðmætasköpunar.
- Efla rannsóknir, fræðslu og þróunarstarf í tengslum við auðlindir svæðisins með auknu samstarfi við svæðisbundnar, innlendar og alþjóðlegar mennta- og rannsóknarstofnanir m.a. Jarðhitaskóla GRÓ.
- Leita leiða til að tryggja rekstur gufuveitu samhliða vatnsveitu í samtali við Veitur.
- Vinna að uppbyggingu aðstöðu fyrir störf án staðsetningar.

Menning og listir

Á kjörtímabilinu hefur verið lögð áhersla á að festa í sessi rekstrargrundvöll menningar- og viðburðastarfsemi í bænum.

Við viljum halda áfram að styrkja menningar- og listalíf sem mikilvægan hluta af sjálfsmynd og aðdráttarafl bæjarins með því að:

- Tryggja að listir og menning verði meira áberandi í umhverfinu s.s. með listaverkum og menningarviðburðum.
- Varðveita og efla gróðurhúsa-, lista- og menningararfleifð Hveragerðis og styðja áfram við viðburði og verkefni til eflingar félags- og menningarlífs.
- Styrkja hlutverk bókasafnsins til muna sem menningar- og upplýsingamiðstöð.
- Hvetja til samstarfs og frumkvæðis í menningarstarfi og skapa aðstöðu fyrir listafólk.

Tækifæri fyrir ungt fólk

Á kjörtímabilinu var komið á fót virku ungmennaráði og ungmennahús fyrir 16-20 ára opnað með það að leiðarljósi að tryggja ungu fólki faglegt og skapandi félagsumhverfi.

Við viljum halda áfram að skapa ungmennum tækifæri til merkingarbærrar þátttöku í samfélaginu, efla færni sína og kynnst fjölbreyttu atvinnulífi með því að:

- Auka fjölbreytni starfa í vinnuskólanum með áherslu á skapandi og hagnýt verkefni s.s. þátttöku í listasmiðjum og aðkomu að bæjarhátíðum.
- Efla samstarf við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök um störf og verkefni þar sem ungt fólk getur prófað sig áfram á mismunandi sviðum.
- Efla áfram ungmennaráð og aðkomu ungs fólks að stjórnslu bæjarins s.s. með setu í nefndum.
- Tryggja áframhaldandi stuðning og fjölbreyttan vettvang fyrir samkomur og samveru ungs fólks í Hveragerði.

Samfélag og stjórnsýsla

Við ætlum að byggja upp traust, opið og samvinnumiðað samfélag þar sem íbúar hafa raunveruleg áhrif á þróun bæjarins. Við leggjum áherslu á gagnsæja og faglega stjórnsýslu, skýra upplýsingagjöf og virkt samtal við íbúa og atvinnulíf. Markmiðið er að efla traust, bæta þjónustu og tryggja að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

Virkt íbúalýðræði

Á kjörtímabilinu voru fleiri notendaráð virkjuð ásamt reglulegum upplýsingafundum með bæjarstjóra.

Við viljum halda áfram að efla þátttöku íbúa og skapa fleiri leiðir til að hafa áhrif á ákvarðanir með því að:

- Efla og þróa áfram starfsemi notendaráða þ.m.t. ungmennaráðs, öldungaráðs og samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.
- Skapa fjölbreyttar leiðir til samráðs þar sem íbúar geta komið skoðunum sínum á framfæri t.d. með íbúafundum og stafrænum lausnum.
- Efla samtal og samstarf við atvinnurekendur um þróun bæjarins t.d. í tengslum við uppbyggingu miðbæjar.

Fagleg og gagnsæ stjórnsýsla

Á kjörtímabilinu varð verulegur jákvæður viðsnúningur á rekstri bæjarins.

Við ætlum að halda áfram að tryggja vandaða, skilvirka og aðgengilega stjórnsýslu sem þjónar íbúum á skýran og traustan hátt með því að:

- Leita áfram leiða til að tryggja bænum fjölbreyttari tekjustofna.
- Halda áfram að styrkja nefndir bæjarins og veita þeim faglegan stuðning.
- Tryggja samfellu og eftirfylgni við breytingar á skipuriti bæjarins sem stuðlar að sjálfbærum stjórnsýslueiningum sviða.
- Bæta undirbúning mála og auka samvinnu milli sviða bæjarins með því að tryggja skýrt og gott upplýsingaflæði.
- Fylgja eftir yfirstandandi umbreytingum sem varða stafræna þróun til að gera upplýsingar um stöðu mála aðgengilegri fyrir bæjarbúa.

Af hverju Okkar Hveragerði?


Við trúum á samheldið samfélag á grunni samvinnu með íbúum. Samfélag þar sem tækifærin blómstra í atvinnu-, íþrótt- og menningarlífi. Við mætum til leiks með öflugan og fjölbreyttan hóp af fólki með margvíslega reynslu, menntun og sérþekkingu sem hefur skýra sýn um að skapa gæðaríkt samfélag til framtíðar.

**hafðu
áhrif!**



okkarhveragerdi.is

Fylgstu með
okkur á insta!



OKKAR_HVERAGERDI

facebook.com/
okkarhveragerdi



Við samankomin erum hér og syngjum til þín lag
Þú ert sómi okkar, elskaður og dáður

HLAUGHTU MEÐ OKKUR Í MARK ÞANN 9. MAÍ BLÓMAHLAUPIÐ 26



Skráðu þig í Blómahlaupið - okkarhveragerdi.is



KÍKTU Í KAFFI - HAFÐU ÁHRIF!

Kosningaskrifstofan er opin frá **1. - 16. maí.**
Viðburðir auglýstir á FB/Okkar Hveragerði.

Ágætu Hvergerðingar

Framundan eru mikilvægar kosningar um hvernig samfélagi við viljum búa í. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur það sem hefur áunnist á kjörtímabilinu, kynna ykkur fólk og stefnumál allra framboða, taka upplýsta afstöðu 16. maí og kjósa með hjartanu.



Við stöndum öll saman stefnum hátt
Styðjum hvert annað, sýnum okkar mátt
Við róum öllum árum í sömu átt
Hveragerði er okkur allt - okkar hjörtu slá í takt

Við veg þinn viljum öll sem allra mestan
og óhætt finnst að segja þig - í heimi allra bestan

Lag & texti: Heimir Eyvindarson